

MÚH. 19.09.14 7/8

2013-12-0028

Samstarfssamningur Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar og Ísafjarðarbæjar.

Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði og Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar (LRÓ),
Aðalstræti 7, 400 Ísafirði, gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

1. gr.

Markmið.

Samningi þessum er ætlað að ramma inn og skýra samstarf LRÓ og Ísafjarðarbæjar þannig
að hlutverk hvors fyrir sig sé ljóst. Báðir aðilar munu starfa samkvæmt lögum og
reglugerðum um tónlistarskóla. Samningurinn hefur það að leiðarljósi að börnum og
ungmennum sveitarfélagsins gefist kostur á að taka þátt í góðu, fjölbreyttu og uppbryggilegu
tónlitarnámi. Lögð er áhersla á að skólinn taki þátt í samstarfi við grunn- og leikskóla
sveitarfélagsins um kennslu yngri nemenda.

2. gr.

Fjárfamlög


Bæjarstjórn ákveður árlega framlag Ísafjarðarbæjar til LRÓ og skal miðað við fjölda
nemenda og samsetningu þeirra. Úthlutunin byggi á árskýrslu fyrrá árs, sjá grein 5.
Framlag Ísafjarðarbæjar rennur til greiðslu launakostnaðar kennara og skólastjóra
samkvæmt áætlun skólans sem samþykkt hefur verið í bæjarstjórn. Kennarar LRÓ skulu
njóta launa í samræmi við kjarasamninga við stéttarfelög þeirra á hverjum tíma. Þeim er
heimil þátttaka í söfnunarsjóði lifeyrisréttinda eða öðrum þeim lifeyrissjóði sem
viðkomandi starfsmaður hefur aðgang að.

Úthlutun miðar við nemendur yngri en 20 ára með lögheimili í sveitarfélagini, en einnig
er úthlutað vegna sögnemenda í mið- eða framhaldsnámi og nemendur í framhaldsnámi
í hljóðfæraleyk. Um úthlutun til þessara nemenda gildir reglugerð 23/2013. Nemandi sem
orðinn er 20 ára og er við nám begar samningur þessi tekur gildi skal þó eiga kost á að
ljúka því námsstigi sem hann þá er á, með úthlutun sveitarfélagsins.

Skólanum er skyldt að tilkynna um langtímaforföll kennara, eins mánaðar eða lengur sem
staðfest eru með lækniqvottorði. Ísafjarðarbær greiðir þann kostnað sem hlýst af slíkum
forföllum.

LRÓ skal innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir kostnaði við
skólaréksturinn öðrum en launakostnaði kennara og skólastjóra að svo miklu leyti sem
rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjároflun. LRÓ er
heimilt að innheimta gjöld vegna námskeiða og/eða námsbrauta sem njóta einskis eða
skerts fjárhagslegs stuðnings sveitarfélagsins.

Ísafjarðarbær tekur ákvörðun um álegt heildarfjármagn til tónlistarskóla. Heildarfamlög
til skólanna ráðast af árlegum fjárhagsramma Ísafjarðarbæjar og geta framlög til skólanna
tekið breytingum milli ára.



3. gr.

Stjórn skólans.

Skólastjóri ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfsemi skólans gagnvart Ísafjarðarbæ. Tónlistarskólinn ábyrgist að kennsla þeirra nemenda, sem innritaðir eru í skólann sé í samræmi við lög og reglugerðir og aðrar stjórnvaldsákváranir sem áhrif kunna að hafa á rekstur tónlistarskóla. Skólinn skal taka mið af skólastefnu Ísafjarðarbæjar í störfum sínum. Nemendur skulu fá kennslu að lágmarki í samræmi við námsskrá menntamálaráðuneytis

Óheimilt er samkvæmt lögum að ráða kennara eða starfsmann til starfa sem hlotið hefur refsíðum fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Þetta á við um:

1. Kynferðisbrot skv. 22. kafla almennra hegningarlaga (engin timatakmörk).
2. Önnur ósbeldisbrot skv. 23. og 24. kafla almennra hegningarlaga, þ.e. refsíðoma síðustu 5 ár en síðustu 3 ár varðandi aðrar niðurstöður mála.
3. Brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, þ.e. refsíðoma síðustu 5 ár en síðustu 3 ár varðandi aðrar niðurstöður mála.

4. gr.

Grundvallar forsendor

LRÓ vinnur eftir stefnu Ísafjarðarbæjar í fræðslumálum, jafnréttismálum, eineltismálum og forvörnum.

Fyrir þarf að liggja sérstakt samþykki menntamálaráðuneytis, sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, til að samningur þessi sé gildur.


Liggja skulu fyrir við undirritun þessa samnings samþykktir fyrir skólann þar sem fram kemur rekstrarform, stjórn, fjármögnun, s.s stofnsamþykktir eða skipulagsskrá, undirritað af stjórn/skólanefnd skólans.

5. gr.

Rekstrar- og skýrslugjöf.

LRÓ skal samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 skila áætlun um kennslu næsta skólaárs til Ísafjarðarbæjar eigi síðar en 1. maí ár hvert. Þar skal einnig koma fram áætlun um fyrirhugaðar breytingar á kennslu og kennslumagni. Bærjastjórn tekur afstöðu til áætlunar skólans og gerir samkomulag við skólastjórn um kennslu og starfsmannahald fyrir 1. júlí ár hvert. LRÓ skal skila til Ísafjarðarbæjar fyrir 1. júlí ár hvert rekstrar- og starfsskýrslu ársins á undan. Skólinn skal láta Ísafjarðarbæ í té nauðsynlegar upplýsingar skv. 3.-5. grein reglugerðar 23/2013. Á þessum gögnum byggist áætluð úthlutun fyrir næsta ár.

LRÓ útbýr skólanámskrá og birtir hana á heimasiðu skólans. Í skólanámskrá skal auk námskrár tilgreina kennsludaga skóla, vetraleyfi sé það tekið og tónleikahald. Skólanámskrá skal lögð fyrir viðkomandi skólanefnd til staðfestingar og kynnt fræðsluyfirvöldum sveitarfélags.



**6. gr.
Gildistími.**

Samningur þessi tekur gildi frá 1. ágúst 2014 og gildir þar til honum verður sagt upp. Vanefndir, svo sem varðandi skil á rekstrarskýrslum geta leitt til seinkunar eða stöðvunar greiðslna frá sveitarféluginu. Samningur þessi gildir í eitt ár. Aðilar eru sammála um efnisatrið í framhaldi af gildistíma samningsins.

**7. gr.
Fyrirvari vegna breytinga á lögum**

Verði gerð breyting á lögum nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, eða reglugerð nr. 23/2013, um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda, er gerður almennur fyrirvari á samningi þessum, vegna aðlögunar breytinga á samningnum að þeim laga- eða reglugerðarbreytingum sem gerðar yrðu.

**8. gr.
Force Majeure.**


Hvorugur aðili verður talin hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, striðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvænta og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

**9. gr.
Framsal**


Samningsaðila er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

Ísafirði, 12. september 2014


F.h. Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar


Ehn. Ísafjarðarbæjar.

Vottar að réttri dagsetningu og undirritun.


Hálfdan B. Hálfdansson


Sigrún Þórssdóttir